

Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands

20. apríl 2013, í húsnæði félagsins að Grensásvegi 12a, kl. 13:00

Fundarritari: Íris Lilja Ragnarsdóttir

Viðstaddir stjórnarmenn: Sif, Hallgerður, Íris, Klara, Sigursteinn

Fjarverandi: Margrét Björk

Fjöldi fundargesta: ríflega tuttugu félagar DÍS sóttu fundinn.

Fundur settur kl. 13:15.

Framsaga formanns.

Sif Traustadóttir, formaður býður alla velkomna í nýja húsnæðið og kynnir nýja útgáfu á Dýraverndanum. Minnst sérstaklega á 100 ára afmæli stjórnar á næsta ári, 2014. Segir það gleðiefni að nýju lögin hafi verið samþykkt, og mikið afrek að hafa fengið þau í gegn. Talar um mikilvægi þeirrar hugarfarsbreytingar sem orðið hefur gagnvart dýrum á síðustu árum í sambandi við það að nú séu dýr viðurkennd sem skyni gæddar verur í lögunum. Hún segir það mikið ánægjuefni að nú sé bannað að halaklippa og gelda grísi og að tekist hafi að tryggja sumarreit fyrir grasbíta. Slæmt að ekki skyldi ná að fá ákvæði um að drekkja megi minkum út.

Sif stingur upp á Benedikt Axelssyni sem fundarstjóra. Fundarstjóri samþykktur með lófaklappi. Fundarstjóri þakkar fundarmönnum fyrir traustið og kynnir fyrsta dagskrárlið.

1. Kynning framboða til stjórnar

Tveir stjórnarmeðlimir fara út úr stjórn fyrr (Margrét Björk Sigurðardóttir og Íris Lilja Ragnarsdóttir) og tvö framboð komu fram (Anna Berg og Róbert Helgason). Þau sem eru í framboði eru því sjálfkjörin.

2. Ársskýrsla og skýrsla starfsmanns

Hallgerður Hauksdóttir, ritari, flytur ársskýrsluna.

Árskýrsla 2012-2013

Lagt fram á aðalfundi 20.apríl 2013

Stjórnarfundir og húsnæðismál

Á árinu voru haldnir sautján stjórnarfundir með fundargerð, en einnig kom stjórnin oftast saman, til að skoða húsnæði og leita sérfræðiaðstoðar við ýmis mál, meðal annars tengt kynningu á félaginu, hugsanlegum samstarfsverkefnum og fleira. Vegna

Þess að félagið var áður búið að selja húsnæðið sem það átti og hafði ekki fundið nýtt, var formaðurinn svo gestrisinn að ljá heimili sitt til að halda stjórnarfundina. Nú hefur félagið aftur eignast heimili og er hinn fyrsti viðburður sem haldinn er þar, þessi aðalfundur sem við sitjum hér.

Töluverð vinna fór í að leita að nýju og hentugu húsnæði og vorum við mjög ánægð að finna þetta að Grensásvegi 12A, sem hentar félagi sem okkar mjög vel og er einnig langt undir því verði sem fékkst fyrir gamla húsnæðið sem félagið átti áður – og auk þess mun betur staðsett miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Er það von okkar að þetta hús verði tengt dýravelferð í hugum almennings, að allir þekki til þess og að starfsemin hér verði mikil og góð í þágu dýra.

Helstu mál

Stjórnin vann að ýmsu á árinu. Enn er eftir að setja fundargerðir ársins inn á heimasíðuna, en verður bætt úr því fljótlega eftir aðalfund. Mikil vinna fór í umsögn vegna nýju dýravelferðarlaganna sem ráðuneytið kallaði eftir hjá DÍS og sem nú hafa verið samþykkt. Framundan er mikil vinna við setu í nefndum við endurskoðun reglugerða í tengslum við hin nýju lög og tilnefni DÍS einn mann í hverja nefnd af sjö, þar sem um er að ræða sauð-og geitfé, nautgripi, hesta, loðdýr, svín, alifugla og loks gæludýr. Stjórnin fjallaði einnig um dóm sem féll vegna vanhalda við föðrun búfjár að Stórhóli í Álftarfirði og skilaði álykun um það og einnig áskorun til ríkissaksóknara um áfrýjun málsins. Ill meðferð á hestum í keppni var einnig ofarlega á baugi í tengslum við landsmót hestamanna á árinu og sendi stjórnin áskorun til allra hestatengdu félaganna vegna þess. Formaður okkar veitti ýmis viðtöl um málefni dýra í fjölmiðlum.

Starfsmaður var ráðinn í 40% starf og stofnað til símatíma í tengslum við það. Því hefur verið vel tekið og það vel nýtt en hún gerir nánar grein þeirri starfsemi í sinni skýrslu, sem hér fylgir. Við teljum að það, að ráða starfsmann og opna skrifstofu geti verið mikilvægur vendipunktur í starfi félagsins til vaxtar og vitundar um málefni dýra.

Vinnu stjórnar við stefnumótun og áherslur til framtíðar verður gert betur grein fyrir í tölu formanns hér á eftir, en segja má að stefna félagsins taki mið af því hvað geti best borið árangur og á sem breiðustum grundvelli í samfélaginu til að vekja samtal um velferð dýra. Dýraverndarsamtök Íslands er félag almennings og þarf að hafa næga breidd til að þjóna sem víðast.

Málþing og félagsfundir voru ekki haldnir á árinu en með nýju húsnæði skapast aðstæður til slíkra funda og kröftugs starfs innan félagsins.

DÍS styrkti Kattarvinafélag Íslands um 50.000 krónur vegna prófmáls fyrir dómstólum, um eignarhald á dýrum í tengslum við merkingar þeirra.

Dýraverndarráð leggst af með tilkomu nýrra laga, en gert er ráð fyrir að DÍS leggi til mann í nýtt Dýravelferðarráð sem stofnað verður til við gildistöku nýju laganna.

Stjórn DÍS bað ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar um sæti í nýstofnaðri nefnd um málefni hvala, en var því miður synjað.

Dýraverndarinn.

Tímaritið Dýraverndarinn er tímarit Dýraverndarsamband Íslands, allt frá stofnun þess, en það var gefið út frá 1915-1983. Þetta gamla tímarit um málefni dýra getur nú loks fagnað sínu sjötugasta útgáfuári, það hefur í rétt 30 ár borið 69 árganga markið, en ekki farið framur en það í prentuðu formi, þar til nú á þessu ári.

Fyrri stjórn DÍS ákvað að hefja útgáfu tímaritsins á rafrænu formi og liggur það inni á heimsíðu félagsins, en var þar sáð því fræi sem brúaði og stytti leið að hugsun um, að

auðvitað ætti að gefa blaðið út sem tímarit á ný.

Í grein sem birtist í Dýraverndaranum í febrúar árið 1960 og sem er endurbirt í þessu fyrsta tölublaði 2013, til þess að minnst sögu blaðins og Tryggva Gunnarssonar, má finna lýsingu hans á markmiði og aðalsmerki slíkrar útgáfu.. Þar segir að megintilgangurinn sé að:

„vekja hjá mönnum andstyggð á illri meðferð á dýrum og ennfremur að vekja velvild til þeirra og tilfinningu fyrir því, að menn hafi siðferðislegar skyldur gagnvart dýrunum”.

Þetta er að sönnu gamalt orðfæri, en sígild hugsun.

Um lýsingu á blaðinu og þá um vinnu Tryggva segir að blaðið hafi verið:

„vandað að efni, gagnsýrt af þeirri hugsjón, sem það þjónaði og mjög vel og skemmtilega skrifað, auk þess sem ytri frágangur þess var fágætlega góður, samanborið við önnur rit”.

Þarna er ekki lítið í lagt og sjá má að við verðum að vanda okkur til að standast þessar væntingar áfram, en það munum við auðvitað reyna.

Upp kom sú staða á árinu að maður sem einnig kann að meta þetta fornfræga tímarit hafði keypt íslenska heimasíðulénið „dýraverndarinn” og skrifaði hann stjórn DÍS bréf þar sem hann fór fram á að félagið notaði ekki nafnið, þar eð hann ætti það, eftir að hafa keypt lénið. Ekki horfði þetta vel í fyrstu, en stjórn DÍS sá jafnvel fram á að þurfa að fara fyrir dómstóla með titilvörn um titil blaðsins,. Nú hefur þessi maður gengið í félagið síðan þetta var og er ekki nema eftir að hafa við hann umleitan um að hann ánafni félagi sínu lénið, en auðvitað myndum við gera af því skemmtilega frétt í tímaritið og færa honum þakkir. Dýravinir þurfa að standa saman og vinna saman til þess að þjóna sem best hugsjón sinni, eins og Tryggvi benti á fyrir hartnær öld.

Tímaritið mun koma út tvisvar á ári, að vori og hausti - og verður sent félögum, enda innifalið í árgjaldi. Við hvetjum féлага DÍS til að skrifa greinar og vinna að hugsjón dýravina í blaðinu.

Skammstöfun á nafni Dýraverndarsambands Íslands og „lógó”.

Rætt var um nauðsyn þess að Dýraverndarsambandið ætti skammstöfun sem fólk tengdi félaginu sérstaklega. Nú lá fyrir að Dýralæknafélag Íslands hefur tekið upp skammstöfunina DÍ, bæði í rituðu mál og á mynd, en ruglingslegt getur verið að hafa í senn lík nöfn og sömu skammstöfun á sitthvoru félaginu.

Hin gamla skammstöfun, DSÍ (sem dregin er út úr Dýrav.Samb.Ísl.), var fyrst rædd, en úr varð að stjórnin ákvað að nota skammstöfunina DÍS, (Dýrav.Ísl.) en það væri þjálfa í munni og þægilegra í orðræðu. Enda fylgir slíkri skammstöfun örugglega að minnsta kosti ein heillaDÍS, kannski jafnvel sjálf fjallkonan, sem ætíð gætir að búsmala og öllum villtum dýrum í íslenskri náttúru. Er það von okkar að skammstöfunin og raunar orðið DÍS megi verða almenningi tamt og órjúfanlega tengt samtali um velferð dýra.

Einnig var ákveðið að vinna að myndrænu „lógói” fyrir félagið og er sú hugmynd í framvinnslu hjá stjórninni nú um mundir.

Orðanotkun og orðfæri.

Á lokaspretti ársins kom fram góðfúsleg ábending um að orðið „búdýr“ væri ekki til í íslenskri orðabók. Þess í stað bæri að nota orðin búfé, búfénaður, búpeningur eða búsmali. Þótt orðið búdýr sé ágætlega lýsandi og einhver hefð komin á notkun þess hjá ófróðum mönnum, þá ber auðvitað að virða gamlar hefðir og gæta að þeim ef það er hægt með góðu móti. Var þessi ábending því vel þegin og allar aðrar slíkar.

Hallgerður Hauksdóttir
ritari DÍS.

Fundarstjóri óskar eftir athugasemdum eða spurningum. Engar athugasemdir né spurningar. Ársskýrsla samþykkt með lófaklappi að tillögu fundastjóra.

Fundarstjóri kynnir fráfarandi starfsmann félagsins, sem leggur fram skýrslu starfsmanns. Útskýrir í fljótu bragði hvernig starfinu hefur verið háttað, bæði hvað varðar starfstíma, s.s. símatíma, og verklagsreglur varðandi svör við fyrirspurnum. Stiklar svo á stóru í gegnum aðalatriði skýrslunnar.

Skýrslu starfsmanns má lesa í heild í viðauka hér aftan við fundargerðina.

Engar athugasemdir úr sal.

3. Tillögur um verkefni næsta árs og stefnumótun DÍS

Sif Traustadóttir, formaður, kynnir hvert er stefnt með félagið. Segir miklar vonir bundnar við nýja húsnæðið. Vonandi getur það orðið að þungamiðju í dýraverndarstarfi á Íslandi. Fræðsla er eitt af aðaláhersluefnum á komandi misserum. Unnið er að fræðsluefni fyrir grunnskóla. Endurskoða þarf reglugerðir sem margar eru orðnar ansi gamlar. Mikilvægt að við í DÍS störfum sem ákveðið aðhald fyrir stjórnvöld og samfélagið. Verksmiðjubúskapur er mikið áhyggjuefni. Markmið okkar er að Ísland geti orðið einskonar fyrirmyndarríki í dýravelferðarmálum. Höfum sérstakan áhuga á að virkja félagsmenn í starfi félagsins á þessu ári. Það væri mjög gott að fá féлага til að vera virka þegar kemur að stefnumótun DÍS.

Frumvinna stjórnar á stefnumótun DÍS og lykilatriðum hennar kynnt:

Hér er um þrjá meginflokka að ræða; búfé, gæludýr og villt dýr. Tillögur stjórnar um megináherslur í hverjum flokki eru:

Búfé

Dýraverndarsamband Íslands leggur mikla áherslu á velferð og þarfir búdýra. Þess vegna teljum við að verksmiðjubúskapur sé ekki réttlætanlegur. Við viljum að velferð dýra sé ætíð höfð að leiðarljósi við allt búdýrahald. Til þess að þetta megi verða ætla DÍS að beita sér fyrir aukinni samfélagslegri ábyrgð gagnvart búdýrum og styðja búskap þar sem vel er farið með dýr.

Villt dýr

Dýraverndarsamband Íslands leggst eindregið gegn öllum ómannúðlegum aðferðum við veiðar á villtum dýrum. Við teljum að umræða um náttúrvernd verði ætíð að taka tillit til velferðar og lífsskilyrða villtra dýra. Til að ná þessum markmiðum leggur DÍS áherslu á alþjóðlegt samstarf, fræðslu og gerir kröfu um fagleg vinnubrögð við veiðar á villtum dýrum.

Gæludýr

Dýraverndarsamband Íslands kallar eftir ábyrgð eigenda og samfélagsins gagnvart gæludýrum. Taka verður tillit til þarfa dýranna við gæludýrahald og við ræktun og þjálfun þeirra. Við viljum að tilkynningaskylda almennings sé ljós, eftirlit opinberra aðila virkt og að samfélagið geri betur ráð fyrir gæludýrum.

Hugmynd um sjálfbóðaliðaverkefni SEEDS sérstaklega kynnt. Skjól fyrir útigangshross yrðu byggð og sett upp af hópi sjálfbóðaliða. Vonast er til að þetta verði öðrum hvatning til að byggja samskonar skjól. Það er ekki búið að fullskilgreina verkefnið enn, en það er langt á veg komið.

Fyrirspurn: Er skilgreining yfir verksmiðjubúskap til?

Svar frá Sif: Sá skilningur sem við höfum lagt í þetta orð er að dýr eru alin við þröngar aðstæður, eingöngu innandyra, þar sem markmiðið er að ná sem mestu út úr þeim fyrir sem minnstan kostnað framleiðenda.

Ábending berst frá sama aðila úr sal um að mikilvægt sé að samtök sem þessi séu ekki í stríði við Bændasamtökin.

Sif segist sammála því. Bendir á að þetta stefnumótunarskjal sé ekki lagt fram til samþykktar, heldur sé þetta einungis forvinna.

Ábending frá öðrum félag: Eitt sinn var styrkur til bygginga á skýlum veittur bændum. En ekki lengur.

Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi formaður, greinir frá því hvernig þessu var háttað á sínum tíma.

Sif telur að þetta sé atriði sem þurfi að leggja áherslu á þegar aðbúnaðarreglugerðir verða endurskoðaðar.

KAFFIHLÉ

Fundarstjóri býður alla velkomna aftur eftir kaffi.

4. Endurskoðun reikninga og skýrsla gjaldkera

Formaður kynnir ársreikninga. Tekur fram að hún sé að kynna þennan fundarlið fyrir hönd gjaldkera sem hefur verið óvirk í starfinu sökum veikinda.

Útskýrir eftirfarandi atriði tengd reikningunum:

- Lítið komið inn af félagsgjöldum vegna þess að rúkkun fór seint út á árinu.
- Rekstrargjöld lægri en á síðasta ári.

Fyrirspurn: Hvað er “Skammtímaskuldir.”

Svar: Tengist fyrra húsnæði sambandsins. Gert samkomulag vegna skuldabréfsins upp á 500.000 kr. Var upp á 2 milljónir. Segir stjórnina efast um að sambandið fái meira.

Ólafur, fyrrverandi formaður, kemur með frekari útskýringar á málinu. Árið 2008 fékk DÍS 18 milljónir strax útborgaðar. Til þess að aflétta veði þá var þessi samningur gerður. Bankinn greiddi okkur nýverið 500.000 kr til þess að aflétta veði.

Sif og Ólafur sannfærð um það að ekki hefði fengist meiri peningar en þetta. Útkoman var góð, við náðum að losa okkur við eignina á 18,5 milljónir.

Ábending úr sal: Ef dæminu væri snúið við þá er þessi samningur tengdur veðinu ekki sérlega góður.

Formaður heldur áfram að útskýra reikninga.

-Sólskríkjusjóður ósnertur.

-Eigið fé; hagnaður um 1 milljón á árinu, lítill sem enginn rekstrarkostnaður.

-Tækjakaupasjóður óhreyfður.

Fyrirspurn: Hvað er tækjakaupasjóður?

Sif biður Ólaf um að útskýra sjóðina.

Ólafur: Kvaðir á sumum sjóðum en ekki öðrum. Fyrrverndi stjórn lagði áherslu á að varðveita sjóðina vel, aðallega vegna óvissu í húsnæðismálum.

Sauðfjárverndarsjóðurinn er svolítið sérstakur. Tengist gömlu húsnæðismáli á Selfossi (líklega haustið 1981). Selfossbær samdi við eiganda hússins, Jón Konráðsson, og keypti húsið. Síðar gaf Jón DÍS peningana og sjóðurinn var stofnaður. Sjóðinn þarf að senda til ríkisendurskoðunar sérstaklega ár hvert. Á honum eru vissar hömlur. Mætti nota peningana til að styrkja rannsóknir sem væru í anda Jóns Konráðssonar, mannsins sem upprunalega gaf peningana í sjóðinn.

Tækjakaupasjóður er mjög þröngur. Stofnsamningurinn er hjá stjórn. Fylgja þarf honum.

Fyrirspurn: Hverjir eru möguleikar á tekjum, öðrum en innheimtu félagssgjalda?

Svar: Sambandið er ekki á fjárlögum. En ýmsir möguleikar fyrir hendi. T.d. að leigja húsnæði sambandsins út til fyrirlestrahalds, helst skyldu dýrum og dýravelferð. Eins

búumst við við því að auglýsingatekjur vegna Dýraverndarans ættu að tryggja útgáfu hans.

Fyrirspurn: Hvað eru margir skráðir félagar núna?

Svar: 203

Fyrirspurn: Liggur listi yfir féлага á netinu?

Svar: Það má ekki vegna persónuverndarsjónarmiða. Höfum sett upplýsingar um hvernig félagsmenn geta nálgast hvor aðra inn á heimasíðu sambandsins.

Fundarstjóri minnir fólk góðfúslega á að halda sig við þann umræðulið sem um ræðir.

5. Félagsgjöld

Fundarstjóri tilkynnir að stjórn hafi ákveðið að halda þeim óbreyttum.

Engar athugasemdir.

Félagsgjöld haldast því óbreytt: 3000 kr.

6. Lagabreytingar

Fundarstjóri útskýrir að farið verði yfir hverja tillögu fyrir sig, en að þær verði svo lagðar undir eitt atkvæði í lokin.

Tillögur til lagabreytinga:

3. gr. A liður, í stað orðalagsins „Dýraverndarráð nr. 15/1994“ komi orðalagið “Dýravelferðarráð nr. 283/2013”

Breytingartillaga: Orðalagsbreytingar er þörf vegna rangs laganúmers. Lagt til að þessi grein sé samþykkt með fyrirvara um breytingu á laganúmeri.

SAMÞYKKT.

4. gr. Tillaga um að fella brott 3. setningu 1.mgr. og í staðinn komi eftirfarandi tvær setningar: „Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld“.

SAMÞYKKT.

Tillaga að bæta við 3.mgr., [4.gr.](#) er svo hljóðandi: „Félagsmönnum ber að virða lög félagsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félagsmönnum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar“.

Fyrirspurn: Hvað kallar á þetta? Þetta eru óskrifuð lög hjá flestum félögum.

Svar frá Sif: Það hafa ekki komið upp vandamál þessu tengt en þessi umræða kom

upp á stjórnarfund. Þar kom þessi tillaga fram.

Innlegg í umræðu frá Hallgerði: Upp getur komið að fólk tali fyrir hönd félagsins á opinberum vettvangi. Óskráð lög eru virt af flestum, en það eru alltaf einhverjir sem brjóta þau. Þetta er varúðarráðstöfun.

Ábending úr sal: Opin umræða á netinu kallar á þetta. Til dæmis gæti þetta verið þarft út af facebook.

SAMÞYKKT.

7.gr. Tillaga að bæta inn í aðra setningu málsgreinar. Núverandi setning er svo hljóðandi: „*Stjórn getur ráðið framkvæmdarstjóra sambandsins til að sjá um daglega umsýslu þess*”. Tillaga að nýrri setningu: „*Stjórn getur ráðið framkvæmdarstjóra og/eða starfsmann til að sjá um daglega umsýslu sambandsins*”.

SAMÞYKKT.

Tillaga er um að taka út þriðju setningu málsgreinar: „*Framkvæmdarstjóri gegnir því einnig hlutverki vefstjóra*”.

SAMÞYKKT.

8.gr. Tillaga að þessi grein falli brott.

SAMÞYKKT.

10 gr. 1.mgr. Tillaga í stað eftirfarandi: „*Til hans skal boða með a.m.k. 10 daga fyrirvara*”. Verði: „*Til hans skal boða með minnst 14 daga fyrirvara*”.

SAMÞYKKT.

10 gr. 3. mgr. Tillaga í stað eftirfarandi: „*Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar eigi síðar en með aðalfundarboði*”. Verði: „*Tillögur um lagabreytingar skulu sendar stjórn a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund og kynntar félagsmönnum a.m.k. 5 dögum fyrir aðalfund*”

SAMÞYKKT.

11. gr. Tillaga að bæta við eina setningu í 2. mgr.: „*Framboð til stjórnarsetu skal berast stjórn a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund og kynnt félagsmönnum a.m.k. 5 dögum fyrir aðalfund*”.

SAMÞYKKT.

Þá eru öll lög in í heild sinni borin fyrir fundinn. Þau eru samþykkt einhljóða.

7. Kosning stjórnar

Tveir stjórnarmenn hætta fyrir í stjórn eftir 1 árs setu, inn koma því tveir nýjir meðlimir í stjórn til 1 árs. Sjálfkjörnir stjórnarmenn, Róbert Helgason og Anna Berg, kynna sig stuttlega. Nýjir stjórnarmeðlimir samþykktir með lófaklappi. Stjórn DÍS 2013-2014 er því svo skipuð: Sif Traustadóttir formaður, Hallgerður Hauksdóttir ritari, Róbert Helgason gjaldkeri, og þrír meðstjórnendur; Klara Helgadóttir, Anna Berg Samúelsdóttir og Sigursteinn Másson.

8. Önnur mál

Ólafur Dýrmondsson:

- Óskar stjórninni til hamingju með að koma Dýraverndaranum af stað á prenti. Það er mikið afrek. Það eru komin 30 ár síðan hann kom síðast út. Þetta er virkilega gott framtak.
- Gott væri að skoða sjóðina og nýtingu þeirra vel.
- Hvetur stjórnina til að halda áfram með fræðsluverkefnið.
- Óskar DÍS til hamingju með húsnæðið, sem honum þykir mjög gott. Opnar mikla möguleika fyrir félagið.
- Það er til einskis að eiga alla peningana í sjóðum, það er ekki góð nýting. En ekki er hægt að lifa á vöxtunum einum. Það þarf að afla fleiri tekna. Hugsa um að skoða opinbera styrki.
- Lítið talað um Norðurlandasamstarfið, sem var mjög öflugt. Beiðni um að fá að heyra aðeins af því.
- Ábending um að gamalt símanúmer félagsins sé enn skráð hjá símaskránni og að það þurfi að taka út sé það ekki í notkun.
- Félagatalið á ekki að gera opinbert á netinu. Það er ekki leyfilegt.
- Vill ítreka að það skiptir meginmáli að geta sagt við fólk sem kemur með ábendingar að það geti treyst því að þær haldist nafnlausar sé þess óskað. Það þarf þá að vera alveg tryggt. Það er lagaleg skylda allra að láta vita ef að þeir verða varir við eitthvað grunsamlegt.
- Er ánægður að sjá verulega hæft fólk í stjórn.

Sif svarar fyrirspurn vegna Norðurlandasamstarfs. Það hefur ekki verið haldinn fundur á þeirra vegum á þessu ári en næsti fundur verður haldinn í Helsinki.

Hallgerður Hauksdóttir:

Hvetur félagsmenn til að senda inn efni fyrir Dýraverndarann.

Sigurður Steindór Pálsson:

- Leggur til tillögu um að DÍS samþykki ályktun um að þakka þeim þingmönnum sem að samþykktu lög in, hún verði skrifuð af stjórn, send þingmönnum og opinberuð á heimasíðu. SAMÞYKKT.
- Ábending um að kynna félagið betur í fjölmiðlum.

Sif kemur með innskot vegna ábendingar: Til stendur að vera með stórt kynningarátak fljótlega, einkum í tengslum við 100 ára afmælið á næsta ári.

Hallgerður Hauksdóttir:

-Það að nafnleynd sé virt er mjög mikilvægt. En það er líka mikilvægt að kenna fólki að tilkynna og að það sé sjálfsagt og eðlilegt.

-Leggur til að hægt sé að koma til móts við mikinn símakostnað formanns vegna stjórnarsetu hennar og ef til vill akstur líka. Tillaga: Stjórn verði heimilt að útfæra hóflegan kostnað vegna síma og aksturs tengt þjónustu stjórnarmanna fyrir félagið, að framlögðum reikningum. SAMÞYKKT.

Fundarstjóri þakkar gestum fyrir góða áheyrn og góðan fund.

Fundi slitið kl. 15:20.

Undirritun stjórnarmanna:

Viðauki : Skýrsla starfsmanns.

Hvanneyri 19.apríl 2013

Tilkynningar og önnur mál er bárust Dýraverndarsambandi Íslands.

Tímabil: September 2012 til og með apríl 2013.

Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) hefur ærinn starfa, bæði er hringt inn og sendir tölvupóstar reglulega. Erindin eru mörg og brýn. Flestar eru tilkynningarnar vegna áhyggna af gæludýrahaldi og þá sérstaklega vegna hundahalds. Búfjárdýrin eiga líka sína gæsuaðila og er hrossahald mest áberandi á haustin í rigningunum, skjólleysi, ofbeit og vanföðrun. Önnur búfjárdýr fá minni athygli vegfarenda þó hiklaust megi gæta betur að þeim. Tilkynningar vegna villtra dýra s.s hreindýr, hvalir og fuglar koma inn reglulega t.d fyrirspurnir hvað sé eðlilegt varðandi veiðar og ábendingar um slys á villtum skepnum o.fl.

Starfsmaður var ráðinn í ágúst 2012, hóf störf 1.september. Eftir tilkynningu þess efnis í fjölmiðlum var töluvert hringt inn á öllum tímum sólahringsins. Eftir 6 mánaða tíma er símatími sambandsins virtur og nær eingöngu hringt á þeim tíma. Tölvupóstar berast enn reglulega og reynir starfsmaður eftir megni að svara bæði síma og tölvupóstum jafnóðum. Ef kunnáttu brestur eða vafaatriði koma upp leitar starfsmaður ráða hjá fagaðilum s.s hjá stjórn DÍS.

Starf hjá DÍS er fjölbreytt og gefandi. Verksviðið er vítt og verkefni óþrjótandi. Dýravelferð er verkefni framtíðarinnar. Vinna að bættri velferð dýra er langhlaup. Að lokum er ég kveð starf mitt sem starfsmaður félagsins vil ég nota tækifærið ég þakka fyrir gott og lærdómsríkt samstarf við stjórn DÍS.

Með kærri kveðju

Anna Berg Samúelsdóttir

<<<<<<<<>>>>>>>>>>

Helstu verkefni er hafa komið á borð sambandsins frá september 2012 til apríl 2013 voru:

Vinna sem borist hefur til starfsmanns

- **Ný lög um velferð dýra.** Ný umsögn um lögina send inn til atvinnuveganefndar. Farið á þingpalla er lögina voru lögð fram í október. Málið undir stöðugu eftirliti sambandsins. Hvar er það státt í nefndarvinnunni og hverjir hafa verið boðaðir á fundi. → málið í höfn mars 2013 er lögina voru samþykkt á þinginu, 40 atkvæði gegn 0.
- **Stórhóll í Álftafirði** (Hamarsfjörður) – Farið yfir dóminn. Ályktun send út til fjölmiðla.

Hreindýraveiðar – kýr skotnar frá ungum kálfum (ca 2 mánaða) – Erindi sent inn til náttúrustofu Austurlands – greinargott svar frá barst í febrúar þessa árs, t.d það er engin haldbær skýring á því afhverju Íslendingar veiða hreindýrskýr fyrir en í viðmiðunarlöndum okkar. Þetta hafi bara þróast svona – Málið þarf að fá athygli fyrir veiðitímabilið í sumar 2013.

1. Sif sendi bréf til UST í fyrrasumar vegna þessa máls - fékk til baka greinargott svar frá Hákonni Hanssýni dýralækni
2. Við getum lítið gert þegar farið er að lögum. Málið er að þessar veiðar á kúm eru

löglegar, en á gráusvæði siðferðislega, gagnvart kálfunum.

Fengum greinargott svar um stöðu mála frá NA: veiðar á kúm hefist fyrr hér á landi en í öðrum hreindaýraveiðilöndum, kálfar geti oft ekki lifað móðurmissir af (þorna upp). Einfaldlega að hefð fyrir þessum veiðum, er ástæðan fyrir því að kýrnar eru skotnar svona snemma. Vert að athuga hvort breyta þurfi þessu. → mikilvægt að fylgja þessu máli eftir á vordögum 2013 – maí-júní.

-
- **Hestaleigur** - Allar hestaleigur og reiðskólar eiga að halda dagbók um starfsemi sína sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 160/2006 – DÍS þarf að vekja athygli á þessu og hvetja eftirlitsaðila að vera vakandi fyrir þessu ákvæði.
- Heimsókn í Kattholt.
- **Tamningarkonan** – Fjölmíðlamál, árgömul upptaka. Mikið fjaðrafok. DÍS ályktar, FT ályktar en dregur til baka ályktun. Vinnuveitandi konunnar hafði samband við starfsmann, vildi afsökun DÍS opinberlega þar eð myndbandið hefði verið klippt úr samhengi. DÍS svaraði, að fyrst þyrfti DÍS þá að minnsta kosti sjá myndband í heild sinni. Myndbandið hefur ekki enn borist DÍS. Málið er enn til meðferðar hjá yfirvöldum eftir tilkynningu DÍS.
- **Brúarreykir og Ingunnarstaðir** – Starfsemi stöðvuð vegna saurgerla (E-coli) í vatni og lélegrar heilbrigðisaðstöðu. Upplýsingafulltrúi hjá MAST vissi of lítið um málið þegar innt var eftir því. Bændurnir búnir að kæra úrskurð MAST. – Enn eru að berast fréttir af vondum aðstæðum hjá gripunum á Brúarreykjum. Ingunnarstaðir hafa ekki verið aftur í fjölmíðlum. – DÍS sendi út ályktun um málið.
- Kisuhvarf í Hveragerði – málið kannað og sett í eðlilegan farveg þar sem yfirvöld fara með svona mál. Hagsmunaaðilum gert ljóst hvernig tilkynna eigi ef grunur um lögbrot vaknar, tilkynningar til lögreglu með sönnun röksemdarfærslum eða sönnunum.

Tölvupóstur

- **Kattholt** - Samskipti við Kattholt vegna vanrækslu katta. Vandí með kisurnar er hversu ómögulegt er að hafa stjórn á eignarhaldi þeirra, skráningu.
- **Reykjavík** – Tilkynnt um vanhöld á hesti í reiðskóla í borginni - Málið var tilkynnt til yfirvalda og kannað af eftirlitsaðila. – Einnig rætt við eigendur reiðskólans upplýsingar eru m.a. hrossin fara austur fyrir fjall á haustin og eru þar vetrarlangt.

Vinna bara á sumrin. Hesturinn er tilkynningin barst útaf er gamall og ljótur í hárum. Mistök að hafa hann með í hópnun.

- **Dýragarður** – Tilkynnt um vanhöld á dýrum í dýragarði á suðurlandi. – Málið tilkynnt til yfirvalda. – Eftirfylgni er dýragarðurinn opnar í sumar 2013.
- **Reykjavík – hross.** Tilkynnt um vanhöld á hrossum við suðurlandsveg. Héraðsdýralæknir upplýstur um málið. – Svar að ástand hrossanna sé með ágætum. Telur að DÍs ætti að skoða betur allar kvartanir um illa meðferð á skepnum.- Þarna liggur vandi samtakanna en þau eru félagasamtök án ígrípandi heimildar til þessara hluta og orkar tvímælis að við gefum út mat um aðstæður dýra. Yfirvöld verða bera ábyrgð á því.
- **Snákamálið** – hringt inn vegna auglýsingar á Bland.is. lifandi kettlingar sem snákafóður. Við eftirgrennslan reyndist búið að taka auglýsinguna út og að þetta hafi verið mjög lélegt vinnustaðagrín. En allt svona dregur dilk á eftir sér t.d er þetta raunin er til fólk sem kaupir lifandi dýr sem snákafóður? – þetta mál þarf að kanna betur með yfirvöldum.
- **Hafnarfjörður – hundur** - Tilkynning um vælandi og skítandi hund. - Hundaeftirlitsaðili sendur á vettvang fyrir tilstuðlan héraðsdýralæknis.
- tilkynnt um illa meðferð á hundunum, sendi mail til Gunnars Héraðsdýralækni á suðurlandi (ekki Gunnar Örn). Svar Gunnars var að það amaði ekkert að hundunum.
- **Hundahald í Helgadal** – málið kom inn á borð DÍs fyrir jól bæði var fyrirspurn til Jón Gnarr á spjallborði DV og svo var sent bréf varðandi málið um miðjan des. s.l. Mál þessara hunda er ekki nýtt af nálinni. Erindi konunnar sem sendi bréfið hefur verið sent inn til héraðsdýralæknis í SV kjördæmi (Gunnar Örn) en þau hafa ekki fengið svar.
Spurningarnar má nálgast hér: <http://smugan.is/2012/10/sjotiu-minkar-veiddir-arlega-i-hofudborginni/> → DÍs fylgir þessu máli eftir.
- send inn ábending um vanhöld hjá útigönguhrossum og að beitarálag á svæðinu sé of mikið. Svar frá héraðsdýralækni að þessi hross væru í lagi.
- á fésbókinni er spurt hvort ekki sé verið að berjast gegn loðdýrarækt hér á landi? Hvernig vill DÍs að svona sé svarað svo ekki verði úr úlfúð og leiðindi. → Kemur inn í stefnumótun DÍs. En klárt mál að dýraverndarsambandið vill að velferð allra dýra sé í hávegum höfð.
- ... ábending um vanhöld á hrossum í Skagafirði, hef sent ábendinguna til Héraðsdýralæknis sem svaraði að henni yrði sinnt við fyrsta tækifæri. Síðara svar: Hrossin eru að sögn héraðsdýralæknis á svæðinu við góða heilsu.

- ábending um að almennt sé eftirlit með hrossahaldi í Skagafirði mjög ábótavant. Varasamt að fullyrða en mikilvægt fyrir DÍS að kanna málið frekar → Eftirfylgni með þetta mál.
- spurt hvort takmarkanir séu á fjölda katta á heimili. Starfsmaður kannaði ýmsar samþykktir sveitarfélaga. Niðurstaðan er að samþykktir sveitarfélaga eru mjög misjafnar. Reglugerðir kveða á um fjölda dýra þegar fólk er með starfskyldastarfsemi (kattarækt).

Hringt:

- símtal í dag frá X (fyrrum ráðunautur). Rætt um stöðu sauðfjárþænda vegna hausthrets. Athyglisverðar tillögur sem þarf að útfæra betur.

Tillaga X er að dýraverndarsambandið fari fram á vettvangsrannsókn á atburðarrásinni.

X talar líka um að smala þyrfti fyrr á haustin hefði gefist vel á þeim stöðum sem slíkt væri gert, nefndi sveitir er hefðu náð fé sínu inn fyrir hretið t.d Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, Húnavatnssýla. Lömbin geta svo nýtt tímann heima í bötun (bötun er það þegar skepnan fitnar). Annar vandi þænda er að þeir sem vilja smala heiðarlöndin fyrr **mega það ekki**. Bara gangastjóri sem má segja til um hvenær það á að smala annað er lögbrot.

X ætlar líka að senda skýrslu sem hann hefur verið að garfa í útaf fjósbruna í Z. Tel að öll gripahús í landinu séu með engar brunavarnir og hvað þá brunaáætlun ef það skyldi koma upp eldur. – skýrslan hefur ekki enn borist til DÍS.

- Kvartað undan nágranna er laðar að sér villiketti.
- Horaður Husky hundur. Tilkynnandinn sér hundinn útum gluggann hjá sér í vinnunni. – Málið tilkynnt til héraðsdýralæknis og ust.
- hundur sem er horaður og fær ekki að fara inn. Maðurinn sem tilkynnti sagðist vera búin að tala við hundaeftirlitsaðilann á svæðinu sem sagði að sér kæmi þetta ekki við. Hundurinn vælir allar nætur. – starfsmaður talaði við hundaeftirlitsaðilann um að ummælin og bað um að eftirliti yrði sinnt.
- Ótti um illa meðferð á hundi. Ætlaði að senda mér nánari upplýsingar á tölvupósti en hefur ekki gert það ennþá.
- hringt vegna ókunnugs manns er hafði ráðist inn á heimilið og hótað að fjarlægja hund af heimilinu. Aðilinn tilkynnt sig sem verndara dýranna. Eiganda hundsins var brugðið. Þurfti að fá ráð hvernig svona ferli gangi fyrir sig. Starfsmaður fór yfir ferla þessara mála og benti jafnframt á nánari upplýsingar hjá yfirvöldum.

- fólk hafði flutt og skilið hundinn eftir heimilisláusan. Gaf viðkomandi símann hjá hundaeftirlitsmanni sveitarfélagsins og benti á að lögreglan gæti líka aðstoðað, við hefðum ekki heimildir til þess að ná í hundinn. Hringdi nokkrum sinnum, var misboðið!
- **Álseyjar féð** – Tilkynnt að vert væri að athuga hvar málið um féð í eyjunum væri statt – Haft samband við búfjárefirlitsmann á suðurlandi, vissi um málið og sagði að féð væri við góða heilsu. – Tilkynnandinn hafði aftur samband sagði að féð væri ekki bólusett og í vanhöldum – Það mál er enn í vinnslu. – Vandinn er að allt fjárhald á eyjum við Ísland er í raun í þversögn við lög og reglugerðir. Féð í eyjunum – Staðfest að það er fé haft úti allt árið í Álseyju, þar er ekki útihús, búfjárefirlitsmaður segir að þeir fóðri féð á veturna. Búfjárefirlitsmaður segir ástandið vera með ágætum en hefur ekki skoðað ástandið nýlega! → Þessu máli þarf að fylgja eftir hér er við að eiga kerfisvillu.
- **Fé í Breiðarfjarðareyjum** – staðfest að það er fé þarna úti í eyjunum, hjarðbúskapur. Búfjárefirlitsmaður skoðar kindurnar 1x á ári ástandið er gott og þeim líður vel. Á sumum eyjum er tekið inn 1.febrúar. Einnig eru skjól eða hús á stærstu eyjunum. Ill meðferð hefur verið stoppuð. Mikil fjörubeit á þessu svæði. Ekki gefið hey á vetrum.
- vegna skjólleysis hrossa á suðurlandi, kannað hvort DÍS ætli ekki að beita sér í málinu. Hér var verið að tala almennt um skjólleysi. – DÍS áætla að bregðast við og er með hugmynd af samstarfsverkefni við Seed samtökin. Verkefnið er enn í vinnslu hjá stjórn samtakanna.
- ... vegna geltandi hunda
- ... eigandi telur að nágranni sinn sé að reyna að drepa kettina sína með eitri.
- ... vanrækslu á hundi (sendi inn mail líka). Mail vegna hvolpa – Sif svaraði þar sem hún er sérfræðimenntuð um meðferð dýra.
- ... gæsir fastar í vatni við Hafnarfjörð – bent á dýraeftirlitsmann Hafnarfjarðar ef ekki fengist hjálp frá honum hafa samband aftur – leystist farsællega.
- ... aftur hringt vegna Álseyjaféð – það er ekki bólusett og þarna var mikill lambadauði í vor. Hef ekki fengið þessa sögusögn staðfesta. Hér þarf að senda inn til ráðuneytisins erindi hver sé stefna þess með útigöngufé í eyjum hér á landi? → málið er enn í vinnslu starfsmanns.
- ... páfagaukur er býr við vanhöld. Héraðsdýralæknir tilkynnt um málið.

- ... hundar er væla allan sólahringinn. Óttasleginn nágranni hefur margoft haft samband við lögreglu vegna málsins. Rætt lengi við viðkomandi og tilkynnt til yfirvalda.
- ... sauðfjárbú þar sem féð er mjög skítugt og illa útlítandi. Málið tilkynnt til héraðsdýralæknis.
- ... vinnuhundur að störfum. Rætt við X um eðli starfs vinnudýra. Haft svo samband við eiganda hundsins, mjög strangar heilbrigðis skoðanir fara fram 2x á ári hjá þessum hundum. Mikilvægt að almennur vegfarandi virði vinnutryggð hundsins.
- ... hundur sem hafður er úti daglangt, Höski. → málið tilkynnt til yfirvalda.

Önnur störf starfsmanns

Fésbókarsíða → haldið utan um hana sett inn færslur um stöðu mála. Gott málagn en mikilvægt að varast færslur með tilfinningahita.

Sendu inn til vefstjóra upplýsingar sem eiga að fara á heimasíðuna.

Vinna úr verkefnalista frá stjórn.

Halda utan um félagatalið – nýir félagar, úrsagnir og innheimta.

Aðstoð við ferill nýju laganna á meðan það var í ferli.

Seed – Utanumhald fyrir hönd DÍS.